

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

*Austurvegur 67 á Selfossi, deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 22. júní 2022, tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina Austurvegur 67 á Selfossi. Deiliskipulagstillagan var til meðferðar hjá sveitarfélaginu árið 2018 og var auglýst í samræmi við ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, en öðlaðist ekki gildi.

Tillagan var tekin til málsmeðferðar að nýju 15. júní 2022.

Skipulagssvæðið, sem er rúmir 25 þúsund m<sup>2</sup> að stærð, er við gatnamót Laugardælavegar og Austurvegar, austast á Selfossi. Svæðið afmarkast af Laugardælavegi í austri, Austurvegi í suðri en liggur að öðru leyti að lóð Mjólkursamsölnunnar að Austurvegi 65. Aðkoma að svæðinu er um Laugardælaveg með tveimur tengingum.

Höfuðmarkmið deiliskipulagstillögunnar er að auka svigrúm uppbyggingar á lóð Selfossveitna til að auka afkastagetu og rekstraröryggi afhendingar á heitu vatni. Þá gerir tillagan ráð fyrir 4 byggingarreitum sem munu þjóna framkvæmda- og veitusviði, skipulags- og byggingardeild, ásamt þjónustumiðstöð Sveitarfélagsins Árborgar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Selfossi, 22. september 2022.*

F.h. bæjarstjórnar,

**Rúnar Guðmundsson** skipulagsfulltrúi.